

Fimmtudaginn 23. maí 1996.

Nr. 385/1994. **Íslenska útvarpsfélagið hf.**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Hans Kristjáni Árnasyni

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Vinnusamningur. Starfslok.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1994 og krefst sýknu af öllum kröfum stefnda. Jafnframt verði stefnda gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi gerði ráðningar- og starfssamning við stefnda 30. desember 1989, þar sem meðal annars var svo kveðið á, að næmi hagnaður félagsins samkvæmt ársreikningi eftir skatta hærri fjárhæð en svaraði 20% arði af framreiknuðu viðbótarhlutafé, skyldi greiða stefnda sem ágóðaþóknun $\frac{1}{3}$ hluta þess hagnaðar, sem þá væri eftir, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Var um þetta samið vegna starfa stefnda við stofnun og uppbyggingu félagsins, og var ákvæðið ótímabundið. Með stoð í vætti Helga V. Jónssonar, hæstaréttarlögmanns og löggilts endurskoðanda, sem þátt tók í gerð samnings þessa, og öðru, sem fram hefur komið í málinu um reikningsskilavenjur á þessum tíma, þykir ekki verða á öðru byggt en að með „hagnaði eftir skatta“ í samningi þessum hafi verið átt við hagnað að frádregnum sköttum, sem á falla og til greiðslu eiga að koma vegna tekna viðkomandi árs.

Í uppsagnarákvæði samnings þessa kom fram, að ef áfrýjandi segði honum upp, bæri stefnda full greiðsla samkvæmt ofanrituðu ákvæði í þrjú ár. Í héraðsdómi er gerð grein fyrir samkomulagi aðila 9. nóvember 1990 í framhaldi uppsagnar áfrýjanda á samningnum. Málsástæður áfrýjanda í máli þessu lúta að því, að við gerð sam-

komulagsins hafi verið byggt á breyttum skilningi um hagnað eftir skatta. Vísar hann í því samhengi til reikningsskila í samræmi við drög að leiðbeinandi reglum reikningsskilanefndar Félags löggiltra endurskoðenda um færslu tekjuskatts í reikningsskilum frá nóvember 1991. Vill hann þannig draga frá hagnaði viðkomandi ára reiknaðan tekjuskatt, sem lagður hefði verið á félagið, ef ekki hefðu komið til áhrif uppsafnaðs taps fyrri ára. Þessi skilningur þykir ekki eiga sér stoð í orðalagi samkomulagsins. Ber það ekki með sér, að það hafi verið sameiginlegur vilji aðila að gera svo verulega breytingu á útreikningsforsendum. Gegn eindregnum mótmælum stefnda verður skýringu áfrýjanda á samkomulaginu því hafnað. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm þannig, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda samtals 12.064.537 krónur með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og fram kemur í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Íslenska útvarpsfélagið hf., greiði stefnda, Hans Kristjáni Árnasyni, 12.064.537 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 5.939.850 krónum frá 12. mars 1993 til 22. mars 1994, en af 12.064.537 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi skal greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 600.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júlí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 7. júlí sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 26. nóvember sl. Greinargerð stefnda var lögð fram 25. janúar sl. og málinu úthlutað dómsformanni 1. febrúar sl. Framhaldssök var þingfest 1. júní sl. og greinargerð stefnda í henni lögð fram 10. s. m.

Stefnandi er Hans Kristján Árnason, kt. 051047-4009, Bræðraborgarstíg 41, Reykjavík.

Stefndi er Íslenska útvarpsfélagið hf., kt. 500685-0269, Lynghálslí 5, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til að

greiða sér 12.064.537 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 5.939.850 kr. frá 12. mars 1993 til greiðsludags og af 6.124.687 kr. frá 22. mars 1994 til greiðsludags, en í báðum tilvikum er þess krafist, að dæmt verði, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti á hvorn hluta dómkröfunnar um sig. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar bæði í aðal- og framhaldssök.

Málavextir.

Stefnandi var einn af stofnendum stefnda árið 1985. Í árslok 1989 var fjárhagslegur grundvöllur stefnda endurskipulagður og félaginu kosin ný stjórn. Í sambandi við þessar breytingar var gerður nýr ráðningar- og starfs-samningur við stefnanda 30. desember 1989. Í samningnum var gert ráð fyrir, að stefnandi fengi sérstakan ágóðahlut að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Samningsákvæðið er í E-lið 4. gr. samningsins og ber heitið Ágóðahlutur og hljóðar svo: „Nemi hagnaður félagsins samkvæmt ársreikningi eftir skatta hærri fjárhæð en nemur 20% arði af framreiknuðu viðbótarhlutafé, eins og það er á hverjum tíma, skal félagið greiða ritara stjórnar sem ágóðapóknun $\frac{1}{3}$ af þeim hagnaði ársins, sem þá er eftir, þó að hámarki 10% af 50.000.000 kr., framreiknuðum til ársloka hvers reikningsárs, vegna starfa hans við stofnun og uppbyggingu félagsins. Ágóðahluti þessi flyst á milli ára, þó þannig, að ofangreindur 20% arður til hluthafa skal ætíð hafa forgang. Ágóðahluti þessi er háður því, að ritari stjórnar standi við hlutafjárloforð sitt við félagið.“

Í ágústlok 1990 sagði stefndi stefnanda upp störfum, og í nóvember s. á. var gerður við hann starfslokasamningur. Hljóðar 2. mgr. 1. gr. samningsins svo: „Þrátt fyrir þetta samkomulag skal E-liður 4. gr. ráðningarsamningsins frá 31. 12. '89 (svo) halda gildi sínu fyrir uppgjör árána 1991 til 1993, en aðilar eru sammála um þann skilning á ákvæðinu, að reikna skuli 20% arð af framreiknuðu viðbótarhlutafé fyrir hvert árána, sem komi til frádráttar samanlögðum hagnaði (eftir skatta) árána þriggja, áður en kemur til greiðslu ágóðapóknunar, þó þannig, að gert skal upp eftir samþykkt hvers ársreiknings fyrir sig. Greidd ágóðapóknun er ekki endurkræf við uppgjör síðari ára. Útreikningurinn skal byggður á endurskoðuðum ársreikningi félagsins, eins og hann verður samþykktur á aðalfundi. Við ákvörðun „hagnaðar eftir skatta“ skal ekki tekið tillit til áhrifa uppsafnaðs taps félagsins til áramóta 1990–1991.“

Ágreiningur aðila er um það, hvernig eigi að skilja þessa grein í starfslokasamningi stefnanda.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á framangreindri grein starfslokasamningsins. Rekstrarárangur stefnda árin 1992 og 1993 veiti stefnanda rétt á ágóðabóknun samkvæmt þessu ákvæði samningsins. Því er sérstaklega mótmælt, að heimilt hafi verið að lækka hagnaðartölur áranna um þann tekjuskatt, er lagður hefði verið á stefnda, ef um uppsafnað tap hefði ekki verið að ræða. Stefnandi bendir á, að slík túlkun samningsins gangi þvert á orðalag hans og eðlilega túlkun hans og fyrri samningsins samkvæmt viðurkenndum lögskýringarreglum.

Stefnandi reiknar út kröfu sína um ágóðahlut vegna ársins 1992 þannig, að yfirfærður arður umfram tekjur frá fyrra ári nemi, framreiknaður, 18.258.787 krónum ($18.046.923 \times 189,6/187,4$) og 20% arður af viðbótarhlutafé í árslok 1992 nemi 128.237.691 krónu. Beri því að draga samtals 146.496.478 krónur frá rekstrarhagnaði 1992, áður en ágóðahluti stefnanda er reiknaður. Rekstrarhagnaður hafi verið 171.092.215 kr., og beri stefnanda $\frac{1}{3}$ af hagnaðinum umfram reiknaðan 20% arð, sem þó nemi ekki hærri fjárhæð en 10% af 50.000.000 kr., framreiknuðum til ársloka hvers reikningsárs. Ágóðahlutur án skerðingar hefði numið 8.198.579 krónum ($((171.092.215 - 146.496.478) \times \frac{1}{3})$). Hámark ágóðahlutans sé hins vegar 5.939.850 kr. ($50.000.000 \times 189,6/159,6$) $\times$ 10%.

Vegna ársins 1993 reiknar stefnandi út ágóðahlut sinn þannig, að hagnaður stefnda hafi verið 153.852.311 kr. Framreiknað viðbótarhlutafé hafi verið 661.141.050 kr. ($641.188.456 \times 195,5/189,6$). Reiknaður 20% arður af því vegna 1993 nemi 132.228.210 krónum. Ágóðahluti án skerðingar hefði numið 7.208.034 kr. ($((153.852.311 - 132.228.210) \times \frac{1}{3})$). Hámark ágóðahlutans sé hins vegar 6.124.687 kr. ($50.000.000 \times 195,5/159,6$) $\times$ 10%.

Kröfur sínar reisir stefnandi á meginreglum kröfu- og samningaréttar, þ. m. t. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga.

Stefndi heldur því fram, að túlka beri framangreint ákvæði starfslokasamningsins „þannig, að við útreikning á hugsanlegum ágóðahlut til stefnanda (svo) skuli draga reiknaðan tekjuskatt vegna tekna ársins 1992 frá hagnaði ársins, áður en 20% af framreiknuðu viðbótarhlutafé sé dregið frá hagnaðinum. Hagnaður stefnanda af reglulegri starfsemi var skv. rekstrarreikningi ársins 1992 186.533.913 kr. Frá þeirri tölu ber að draga 39% skattaskuldbindingu, 72.748.226 kr. Hagnaður af reglulegri starfsemi eftir skatta er því 113.785.687 kr.“ Stefndi kveður 20% arð af framreiknuðu viðbótarhlutafé í árslok 1992 hafa verið 128.237.691 króna. Hagnaður ársins 1992 nái því ekki því skilyrði samningsins að fara yfir 20% af framreiknuðu viðbótarhlutafé, og eigi stefnandi því ekki rétt á ágóðahluta fyrir árið 1992.

Árið 1993 kveður stefndi hagnað af reglulegri starfsemi hafa verið 177.044.023 kr., en frá þeirri tölu beri að draga 58.424.528 kr., sem séu reiknaður tekjuskattur. Fáist þá niðurstöðutalan 118.619.495 kr., sem séu hagnaður eftir skatt. Viðmiðunartalan sé hins vegar 132.228.210 kr., og þar eð hagnaður sé undir þeim mörkum, eigi stefnandi ekki rétt á ágóðahluta fyrir árið 1993.

Þá segir í greinargerð stefnda, að hugtakið „hagnaður eftir skatta“ hafi „skýra og ljósa merkingu í reikningshaldi. Samkvæmt góðri reikningsskilavenju er tekjuskattur sýndur sem frádráttarliður frá hagnaði fyrir skatt, hvort sem hann kemur til greiðslu eða ekki, og skattspörun vegna yfirfæranlegs taps er færð sem óreglulegur liður. Sé þessa ekki gætt, er hætt við, að hin mikilvæga kennitala „hagnaður af reglulegri starfsemi“ skekkist og gefi ranga mynd af rekstrarárangri bara við það eitt t. d., að fyrirtæki keypti skattalegt tap. . . . Með breytingum þeim, sem gerðar voru á ákvæðum ráðningar- og starfssamnings stefnanda með 2. mgr. 1. gr. starfslokasamningsins, er því verið að árétta þennan eðlilega og almenna skilning, að við ákvörðun hagnaðar eftir skatta skuli ekki tekið tillit til uppsafnaðs taps. M. ö. o. verði skekkjuáhrif uppsafnaðs taps ekki látin koma fram í hagnaði af reglulegri starfsemi, heldur skuli uppsafnað tap meðhöndlað eins og á að gera og átti að gera.“

Stefndi kveður hugmyndirnar, er búið hafi að baki þessum ákvæðum í samningum aðila, hafa augljóslega verið þær að veita stefnanda umbun eftir 20% arði til hluthafa. Ágóðahluti stefnanda hafi verið háður rekstrarlegum árangri stefnda, en ekki ójöfnuðu rekstrartapi fyrri ára.

Um lagarök vísar stefndi til samningalaga, almennra reglna um túlkun samninga og til góðrar reikningsskilavenju.

Niðurstaða.

Í málinu er deilt um, hvernig skilja beri eftirfarandi ákvæði í starfslokasamningi stefnanda: „Við ákvörðun „hagnaðar eftir skatta“ skal ekki tekið tillit til áhrifa uppsafnaðs taps félagsins til áramóta 1990–1991.“

Stefnandi heldur því fram, að skilja beri ákvæðið þannig, að frá afkomu stefnda, eins og hún kemur fram í endurskoðuðum ársreikningi hans, skuli ekki draga það uppsafnaða tap, sem var fyrir hendi um áramótin 1990–1991, áður en ágóðahlutdeild hans er reiknuð.

Stefndi heldur því á hinn bóginn fram, að reikna beri stefnda tekjuskatt án tillits til áhrifa hins uppsafnaða skattalega taps, áður en ágóðahlutdeild stefnanda er reiknuð.

Eins og rakið hefur verið, er ákvæði starfslokasamningsins um útreikning ágóðahluta stefnanda að stofni til byggt á E-lið 4. gr. ráðningar- og starfs-

samnings stefnanda við stefnda frá 30. desember 1989. Ekki verður ráðið af gögnum málsins eða vitnaleiðslum, að ætlunin hafi verið að breyta þessu ákvæði ráðningar- og starfssamningsins, heldur eingöngu að skýra það nánar, enda kemur fram í starfslokasamningnum, að ákvæðið skuli halda gildi sínu fyrir uppgjör áranna 1991 til 1993.

Það er niðurstaða dómsins, að útreikningur á ágóðahlutdeild stefnanda skuli hverju sinni styðjast við endurskoðaðan ársreikning stefnda, eins og hann hefur verið samþykktur á aðalfundi, og að ekki skuli leggja til grundvallar aðra hagnaðarfjárhæð en þar kemur fram. Af þessu leiðir, að hafna ber þeim skilningi stefnda, að frá hagnaði hvers árs skuli draga reiknaðan tekjuskatt, eins og um hið uppsafnaða tap hefði ekki verið að ræða.

Af framansögðu leiðir, að taka ber kröfur stefnanda til greina, enda er ekki tölulegur ágreiningur í málinu. Þá verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 400.000 kr. í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn ásamt meðdómsmönnum Sigurði H. Pálssyni og Lárusi Finnbogasyni, löggiltum endurskoðendum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslenska útvarpsfélagið hf., greiði stefnanda, Hans Kristjáni Árnasyni, 5.939.850 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 12. mars 1993 til greiðsludags, 6.124.687 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 22. mars 1994 til greiðsludags og 400.000 kr. í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.